



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. september 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, mál nr. S-147/2025

Samtök iðnaðarins (hér eftir nefnd: „samtökin“) hafa tekið áformaskjal um frumvarp til breytingu á lögum um úrvinnslugjald til skoðunar. Á samráðsgátt kemur fram að tilefni lagasetningarinnar sé að uppfæra tiltekna viðauka við lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002 þannig að þeir taki mið af breytingum sem gerðar hafa verið á tollskrá og að uppfæra reiknilíkan viðauka XVIII svo að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir sé sannarlega á vörur sem eiga að bera úrvinnslugjald á hverjum tíma og nái einnig til flutningsumbúða í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum söluumbúðum.

Á þessu stigi vilja samtökin leggja áherslu á að V. bráðabirgðaákvæði gildandi laga verði framlengt. Einnig vilja samtökin biðla til ráðuneytisins að taka til skoðunar úrvinnslugjald fjölnota flutningsumbúða svo gengið sé úr skugga um að innheimta af slíkum umbúðum sé ekki tvöföld eða margföld.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Helgi Birgisson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði